



ÞJÓÐSKJALASAFN ÍSLANDS

Reglur og skilmálar Þjóðskjalasafns Íslands um millisafnalán

1. Þjóðskjalasafni er heimilt að lána skjöl í opinber skjalasöfn, bókasöfn eða rannsóknarstofnanir ef aðstaða er þar til þess að varðveita skjöl tryggilega að mati þjóðskjalavarðar. Ekki er heimilt að lána einstaklingum skjöl.
2. Forstöðumaður safns, sem óskar eftir skjölum í millisafnalán, er ábyrgðaraðili vegna skjalalána.
3. Skjölin skulu geymd á öruggum stað, þar sem ábyrgðaraðili/starfsmenn safnsins hafa einir aðgang.
4. Geymslustaður sé varinn fyrir vatni, eldi og þjófnaði svo sem frekast er kostur.
5. Notandi má einungis nota skjölin á vöktuðu svæði og umgangast þau samkvæmt leiðbeiningum til notenda á lestrarsal Þjóðskjalasafns. Sjá þær.
6. Ljósmyndun, skönnun, ljósritun eða önnur afritun skjala skal háð reglum Þjóðskjalasafns. Sama gildir um tilvísun til skjala, þegar um afritun er að ræða.
7. Aðgengi að skjölunum skal miða við einn notanda. Ef aðrir en sá sem í upphafi kom beiðninni á framfæri biðja um afnot, skal hafa samband við Þjóðskjalasafn.
8. Að jafnaði eru ekki lánaðar fleiri en 5 til 10 skjalaeiningar (öskjur) hverju sinni. Frávik frá þessu skulu borin undir sviðsstjóra upplýsingasviðs.
9. Útlánstími skal að jafnaði vera á bilinu 1-3 mánuðir. Hægt er að framlengja útlánstíma og skal það gert með formlegum og sannanlegum hætti, þ.e. bréflega, hvort sem það er gert með burðarpósti eða tölvupósti.
10. Kostnaður vegna flutnings skjala greiðist af lántökusafni.

Reglur þessar byggjast á 8. gr. laga nr. 66/1985 um Þjóðskjalasafn Íslands og miða að því að tryggja öryggi skjalanna og þar með framtíðarvarðveislu þeirra og notkun.

Reykjavík í janúar 2012.

Þjóðskjalavörður